



Hafnarfirði, 23. febrúar 2021

2102604

**Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Mál nr. 39/2021.**

Hér með er framkomnum breytingum á barnaverndarlögum fagnað og er að mati fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar um að ræða breytingar sem leiða til framþróunar í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Sérstaklega er fagnað tillögum að breyttri 30. gr. barnaverndarlaga sem er að finna í 20. gr. frumvarpsins ásamt þeim breytingum sem lagðar eru til á lögræðislögum í 9. tl. 35.gr. frumvarpsins. Ljóst er að núverandi ákvæði barnaverndarlaga með tilvísan til lögræðislaga dugir ekki til að sjálfræðissvipta barnshafandi konur stofni þær heilsu eða lífi ófæddis barns í hættu. Hér er um mikilvæga réttarbót að ræða til að vernda líf ófæddra barna.

Gerð er athugasemd við e.lið, 8. gr. frumvarpsins varðandi skipan umdæmisráðs. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að starfsmenn barnaverndarþjónustu annarra sveitarfélaga geti setið í umdæmisráðum. Þá sé ekki útilokað að starfsmenn sem hafi önnur aðalstörf við barnavernd t.d. hjá Barna- og fjölskylduþjónustu geti tekið sæti í umdæmisráði að því gefnu að það samrýmist aðalstarfi þeirra. Þar sem Barna- og fjölskyldustofa hefur með hendi ráðgjöf við barnaverndarþjónustur um allt land er það mat fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar að þessi störf fari ekki saman.

Mikilvægt er að haldið sé áfram með endurskoðun barnaverndarlaga og er lögð áhersla á að farið sé í nauðsynlegar breytingar sem fyrst. Hér sé einungis um fyrsta áfanga að ræða. Má nefna að brýnt er að skýra hlutverk og úrræði ríkis og sveitarfélaga.

Virðingarfyllt,

Rannveig Einarsdóttir,

Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar.